

LÖG

um breytingu á lögum um loftslagsmál, nr. 70/2012 (leiðrétting o.fl.).

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir orðunum „kveðið á um“ í 3. mgr. 6. gr. laganna kemur: losunarbókhald og framkvæmd þess skv. 1. mgr. og.

2. gr.

2. mgr. 6. gr. b laganna orðast svo:

Ráðherra skal í reglugerð setja nánari ákvæði m.a. um viðmiðanir, bókhald og sveigjanleikareglur sem varða skuldbindingar skv. 1. mgr.

3. gr.

6. mgr. 8. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra skal í reglugerð setja nánari ákvæði um útgáfu losunarleyfis. Í reglugerðinni skal m.a. kveðið á um skilyrði fyrir útgáfu leyfis, efni þess, gildistíma og endurskoðun.

4. gr.

Í stað „sbr. VI. kafla“ í 1. másl. 3. mgr. 38. gr. laganna kemur: sbr. VI. kafla A.

5. gr.

Við 47. gr. laganna bætast tveir nýir töluliðir, svohljóðandi:

11. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/410 frá 14. mars 2018 um breytingu á tilskipun 2003/87/EB til að efla kostnaðarhagkvæmar losunarskerðingar og fjárfestingar sem fela í sér litla losun kolefna og á ákvörðun (ESB) 2015/1814, sem vísað er til í tölulið 21a í XX. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 112/2020 frá 14. júlí 2020 og ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 230/2020 frá 11. desember 2020.
12. Framseld ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1071 frá 18. maí 2020 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB að því er varðar að útiloka flug sem kemur frá Sviss frá viðskiptakerfi Evrópusambandsins með losunarheimildir.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á II. viðauka við löginn:

- a. 2. málsli. j-liðar 2. mgr. orðast svo: Flugferðir sem um getur í l-lið eða eru eingöngu til flutninga í opinberri sendiför ríkjandi þjóðhöfðingja konungsríkis og nánustu vandananna hans, þjóðhöfðingja, ríkisstjórnarleiðtoga og ráðherra aðildarríkis má ekki undanskilja að því er varðar þennan lið.
- b. Við 2. mgr. bætast tveir nýir stafliðir, svohljóðandi:
 - k. frá 1. janúar 2013 til 31. desember 2030: Flugferðir sem mundu, ef ekki væri fyrir tilstilli þessa liðar, falla undir þessa starfsemi á vegum umráðenda loftfara, sem eru ekki með rekstur í atvinnuskyni, sem annast flugferðir þar sem heildarlosun á ári er minni en 1.000 tonn, þ.m.t. losun frá flugferðum sem um getur í l-lið,
 - l. flugferðir frá flugvöllum í Sviss til flugvalla á Evrópska efnahagssvæðinu.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 29. apríl 2021.

Guðni Th. Jóhannesson.

(L. S.)

Guðmundur Ingi Guðbrandsson.